



Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga Skýrsla stjórnar fyrir 2007

Efnisyfirlit

Félagið	4
Hluthafar	4
Stjórn.....	5
Starfsfólk	5
Skrifstofa	5
Starfssvæðið	5
Rekstrarumhverfi félagsins	6
Samstarf við aðra hluta stoðkerfisins.....	7
Verkefni- eða samstarfssamningar	7
Styrktarsamningar við atvinnulífið	8
Vaxtarsamningar.....	8
Verkefni	8
Verkefnabókhald	9
Eðli verkefna og umfang.....	9
Alþjóðasamstarf	10
Kynningarmál í Þingeyjarsýslu.....	10
Hvatningarverðlaun	11
Rekstur ársins 2007	11
Rekstrarreikningur ársins 2007.....	12
Efnahagsreikningur 31. desember 2007.....	12

Umsjón skýrslu: AP

Ljósmyndir: AP, Gunnar Jóhannesson, Ari Páll Pálsson

Prentun: Örkin

Forsíðumynd: Lundi á leik við Mánáreyjar. AP/Hróbjartur Sigurðsson

Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga hf.

Aðalfundur félagsins

Gamli Baukur Húsavík 21. maí 2008

Félagið

Í maí 1984 stofnuðu nokkur fyrirtæki á Húsavík lönþróunarfélag Húsavíkur. Fyrsti formaður stjórnar var Guðjón Halldórsson véltækniþræðingur hjá Tækniþjónustunni hf á Húsavík. Í Apríl 1985 réði félagið til sín sinn fyrsta framkvæmdastjóra Sigurbjörn Þorkelsson verkfræðing. Í viðtali við Guðjón og Sigbjörn í Vikurblaðinu 23 apríl segir að „ hugmyndin að baki þessari ráðningu er að opna félagsmönnum greiðan aðgang að tækniaðstoð á sviði markaðs- rekstrar og framleiðslumála og ennfremur að vinna að þróun og útfærslu nýrra hugmynda um atvinnurekstur.“ Á aðalfundi félagsins 1987 var nafni félagsins breytt í lönþróunarfélag Þingeyinga og með þeirri breyting varð starfssvæði félagsins Þingeyjarsýslurnar báðar. Á aðalfundi félagsins 17. desember 1990 var enn gerð breyting á félaginu, lönþróunarfélaginu var slitið og stofnað á grunni þess hlutafélagið Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga hf

Hluthafar

Hluthafar AP í árslok 2007 voru 19.

Nafn	Kennitala	Upphæð	%
Norðurþing	640169-5599	2.738.356	47,6
Byggðastofnun	450679-0389	1.832.970	31,9
Fræ ehf.	500197-2939	183.297	3,2
Þingeyjarsveit	590602-2640	183.297	3,2
Verkalýðsfélag Húsavíkur og nágrennis	680269-7349	146.638	2,5
Kísiliðjan hf.	610564-0119	122.198	2,1
Sparisjóður S.-Þingeyinga	530990-2149	100.000	1,7
Sparisjóður Þórshafnar	610269-2659	100.000	1,7
Aðaldælahreppur	410169-0619	61.099	1,1
Skútustaðahreppur	600269-1009	61.099	1,1
Svalbarðshreppur	640269-1979	61.099	1,1
Tjörneshreppur	650269-5789	61.099	1,1
Verkalýðsfélag Þórshafnar	490272-2169	24.440	0,4
Tækniþing hf.	610599-3709	18.330	0,3
Björn St. Haraldsson	270950-2569	18.330	0,3
Garðræktarfélag Reykhverfinga	570169-7779	12.220	0,2
Hótel Reynihlíð	671261-0119	12.220	0,2
Verslunarmannafélag Húsavíkur	490272-0979	12.220	0,2
Jónas Reynir Helgason	040861-4679	5.000	0,1
		5.753.910	100,0



Stjórnarfundur AP haldinn strax að loknum aðalfundi í Gjúfrastofu.

Stjórn

Aðalfundur AÞ 2007 var haldinn í Gljúfrastofu Ásbyrgi 15. Júní. Þar voru kosnir í stjórn Aðalsteinn Árni Baldursson, Friðrik Sigurðsson, Björn Ingimarsson, Guðmundur Guðmundsson og Pétur Snæbjörnsson. Varamenn Haraldur Bóasson og Aðalsteinn J. Halldórsson. Á fyrsta fundi stjórnarinnar skipti hún með sér verkum. Var Friðrik Sigurðsson kjörinn formaður, Björn Ingimarsson varaformaður og Aðalsteinn Baldursson ritari.

Frá síðasta aðalfundi hefur stjórnin haldið 12 stjórnarfundi, en á almanaksárinu 2007 voru fundir stjórnarinnar 7 að tölu.

Starfsfólk

Starfsemi AÞ hefur verið að breytast og eflast á undanförunum misserum. Þetta hefur kallað á breytingar í starfsmannamálum og fjölgun stöðugilda eftir því sem verkefni hafa kallað á og aðstæður leyft. Gjarnan er talað um grunnstarfsemi félagsins, sem er þá atvinnuráðgjöf og tengd viðfangsefni samkvæmt samningum við Byggingastofnun og sveitarfélög, og sérverkefni sem kalla þá á öflun sértekna að einhverju eða öllu leyti.

Í upphafi ársins voru þrír starfsmenn sem sinntu grunnstarfsemi hjá félaginu. Tryggvi Finnsson framkvæmdastjóri, Gunnar Jóhannesson verkefnastjóri og Ari Páll Pálsson atvinnuráðgjafi.

Frá því í maí hefur Reinhard Reynisson unnið hjá AÞ í ½ starfi sem verkefnastjóri Garðarshólms verkefnisins.

Sif Jóhannesdóttir hóf störf hjá félaginu í október í ½ starfi til áramóta en í fullu starfi frá 1.1. 2008. Hefur hún umsjón með verkefnum austan Jökulsár sem rekin eru undir merkjum þriggja landa samstarfsverkefnis – GEBRIS – sem hefur það að markmiði á hámarka árangur svæðisbundins nýsköpunarstarfs.

Í árslok hóf Vilborg Gissurardóttir störf hjá félaginu á grundvelli samstarfssamnings við Markþing og snúa megin verkefni hennar að markaðs- og kynningarmálum ásamt stefnumótunarvinnu í ferðamálum

Samkvæmt samningi hefur AÞ deilt sameiginlegum starfsmanni með Þorgeiri Hlöðverssyni, Jónu Matthíasdóttir sem vinnur við Snjóþöfraverkefnið (Snow Magic), einnig hefur hún unnið við verkefnið Þingeyska matarbúrið og fleira sem þessum verkefnum tengist.

Skrifstofa

AÞ er með skrifstofuaðstöðu á 3ju hæð að Garðarsbraut 5 á Húsavík. Þar er félagið í góðu samfélagi nokkurra fyrirtækja og stofnana og er það fyrirkomulag með ágætum. Auk skrifstofuherbergja samnýtir félagið ýmsa aðstöðu með öðrum á hæðinni. Almennur opnunartími skrifstofunnar er virka daga frá 9-12 og 13-17. Vegna eðli starfseminnar t.d. verkefnavinnu eða funda á umfangsmiklu starfssvæði kemur þó fyrir að opnunartíminn breytist.


Aukin verkefni og fjölgun starfsmanna hafa þrengt mjög að starfsemi félagsins og ýmsar hugmyndir um framtíðar aðstöðu hafa verið skoðaðar. Mikilvæg er að á árinu 2008 fáiist viðunandi niðurstaða í húsnæðismál AÞ

Aðalsímanúmer AÞ er 464 0415. Vefsíðan er www.atthingi.is. Þar má m.a. finna netföng starfsfólks.

Starfssvæðið

Starfssvæði AÞ er stórt, vegalengdir miklar og vegakerfið eins og það er. Þarfir og viðfangsefni eru fjölbreytileg og taka að hluta mið af mismunandi aðstæðum á stóru landssvæði.

Fyrir starfsemi eins og AÞ sinnir er ekki nóg að reka einhverskonar kjarnastarfsemi á skrifstofu heldur eru vettvangsferðir um starfssvæðið mjög mikilvægar. Þetta er um leið tímafrekur þáttur og sífellt þarf að meta hvernig tími, þekking og starfskraftur nýtist sem best og hvernig er hægt að stuðla að sem mestum árangri.



Með tilkomu svokallaðs GEBRIS verkefnis haustið 2007 gafst tækifæri til að sinna svæðinu austan Jökulsár betur en áður með tilkomu verkefnisstjóra, fyrst í hálfu starfi og frá áramótum í fullu. Þetta leiðir af sér meiri viðveru starfsmanns félagsins á þessu svæði og betri möguleika á að koma að verkefnum á ýmsum stigum.

Í aðdraganda og undirbúningi vaxtarsamnings (sem síðan var undirritaður í upphafi árs 2008) var horft til þess að starfssvæðið væri þrjú áherslusvæði (klasasvæði). Tilgangurinn er fyrst og fremst að stuðla að sem bestum árangri miðað við megináherslur á hverju þeirra. Og þar með sem bestum heildarárangri.



Svartárfkot í Bárðardal



Við Skoruvíkurbjarg á Langanesi

Rekstrarumhverfi félagsins

Starfsemi félagsins hefur verið að vaxa á undanförunum árum. Þar koma einkum til fyrirferðarmikil sérverkefni.

Starfsemin er gjarnan flokkuð í grunnstarfsemi annars vegar og sérverkefni hins vegar, en það er auðvitað heildarmyndin og heildarárangur sem máli skiptir þegar upp er staðið. Sérverkefnin eru fjármögnuð sérstaklega og í einhverjum tilfellum ráðnir starfsmenn vegna þeirra.

Grunntekjur félagsins voru sem áður samkvæmt samningi við Bygðastofnun annars vegar og sveitarfélögin á starfssvæðinu hins vegar. Þetta dugar þó engan veginn til að standa undir öflugri starfsemi og svara þörfum og aðstæðum á starfssvæðinu. Því hefur þurft að afla verulegra sértekna. Atvinnuþróunartíð hefur í auknum mæli horft á verkefni sem gefa félaginu möguleika til sértekna, í bland við grunnstarfsemi félagsins. Mikill tími starfsmanna hefur farið í að útvega fjármagn til þessara sérverkefna.

Bygðastofnun sagði upp samningum um atvinnu- og byggðaðróun við atvinnuþróunartíðina á landsbyggðinni um mitt ár 2007 með 6 mánaða fyrirvara. Miðað við pólitíska umræðu um byggðamál og mikilvægi atvinnuþróunartíðanna var þess vænst að aukið fjármagn yrði sett í

pennan málaflökk á fjárlögum og félögunum gert kleyft að efla verulega sitt starf. Því miður varð þetta ekki svo. Fjármagn á fjárlögum til grunnreksturs atvinnuþróunarfélaganna heldur varla í við verðlagsþróun og alls ekki ef tekið er mið af þróun launa síðustu árin. Þannig er grunngreiðsla á hvert stöðugildi í nýjum samningi 3.890.000 og er aðeins 16% hærra en hún var í samningnum frá 2003. Í nýjum samningi er það fjármagn sem er verkefnatengt aukið nokkuð frá fyrri samningi en atvinnuþróunarfélögunum gert að keppa um það fjármagn, þannig að ekki er hægt að líta á það til grunnstarfsemi félaganna.

Þegar fyrsti samningurinn um atvinnuráðgjöf var gerður við Byggðastofnun árið 1998 var landsbyggðinni skipt niður í starfssvæði eftir gömlu kjördæmunum og AP og AFE gert að skipta með sér framlaginu til Norðurlands eystra og kom í hlut AP 46,55%. Þessi skipting hefur haldist óbreytt síðan. Því miður tókst ekki að fá AP viðurkennt sem fullgilt félag í síðasta samningi, þrátt fyrir að stjórn félagsins legði mikla áherslu á það. Á bakvið samninginn við Byggðastofnun eru einungis tvö stöðugildi. Félaginu hefur tekist á síðustu þremur árum að fá á fjárlögum sérstakan rekstrarstyrk til að bera uppi þriðja stöðugildið. Það má því segja að það sé á árlegu uppboði, sem er algjörlega óviðunandi.

Samstarf við aðra hluta stoðkerfisins

Í stuttu máli má segja að samstarf við ýmsa aðra hluta stoðkerfisins sé yfirleitt gott en mismikið og tekur eðlilega mið af áherslum á hverjum tíma, verkefnum sem upp koma, og þeirri staðreynd að iðulega er yfirdrifið nóg af verkefnum á borðum félagsins.

Samstarf við sveitarfélögin er með ágætum, mismikið eins og gengur og fer m.a. eftir eftirspurn, áherslum og fjölda viðfangsefna á hverju svæði. Gott samstarf er við þekkingarsetur Þingeyinga. Hér ber líka að draga sérstaklega fram að mikið og gott samstarf er við ráðunaut Búgarðs sem vinnur á næstu skrifstofu við AP.

Starfsmenn AP eru í ágætu samstarfi við Byggðastofnun og Imþru nýsköpunarmiðstöð sem eðlilega tekur þó gjarnan mið af fyrirsögnunum eða viðfangsefnum sem upp koma á hverjum tíma. Hér er rétt að minnast á að eitt af hlutverkum AP er að vera einskonar tengiliður Byggðastofnunar inn á okkar starfssvæði og þannig koma inn á borð félagsins ýmsar fyrirsögnir eða óskir um gagnaöflun eða upplýsingar sem t.d. tengjast skýrsluskrifum eða athugunum.

Verkefnis- og samstarfssamningar

Samstarfssamningur við Byggðastofnun gerir ráð fyrir sérstökum árlegum verkefnasamningi sem fjallar þá um skilgreind verkefni og greiðslur í samræmi við það. Meginviðfangsefni samningsins fyrir árið 2007 var atvinnu- og byggðapróun í N-þing og nýting orkuauðlinda Þingeyjarsýslu.

Í upphafi árs 2007 gerðu AP og Héraðsnefnd Þingeyinga með sér samkomulag um að AP taki að sér umsjón með þeim verkefnum sem eftir eru á vegum Héraðsnefndarinnar eftir að Norðurþing tók yfir rekstur Félags- og skólaþjónustuna og stofnuð var Menningarmiðstöð Þingeyinga.

Á árinu var í gildi verkefnasamningur við Norðurþing. Samkvæmt honum tók AP að sér ákveðna undirbúningsvinnu við verkefnið *Sjálfbært samfélag* en svo höfum við kallað undirbúning að því að álver rísi á Bakka við Húsavík.



Bakki við Húsavík

Í apríl 2007 gerði AP verkefnasamning við Garðarsstofu ehf að taka að sér vinnu við þróunarverkefnið Garðarshólm í samráði við eigendur. Var Reinhard Reynisson ráðinn í ½ starf til að vinna að þessu verkefni tímabundið.

AP tekur þátt í 3ja landa verkefni sem hefur vinnuheimið GEBRIS og er kafli um þetta verkefni síðar í þessari skýrslu, verkefnið er styrkt af Norræna Nýsköpunarsjóðnum sem svara u.þ.b. ½ starfi. GEBRIS leggur áherslu á nýsköpun og þróun austan Jökulsár. Til að geta ráðið starfsmann

Í fullt starf til að sinna þessu verkefni gerði AÞ samning við sveitarfélögin á svæðinu Norðurþing, Svalbarðshrepp og Langanesbyggð um að bera þann kostnað. Verkefnið er til 3ja ára. Sif Jóhannesdóttir var ráðin til þessa verkefnis í ½ starf frá 15. október til ársloka og í fullt starf frá 1. janúar 2008.

Í lok árs 2007 tóku AÞ og Markþing upp svipað samstarf og hafði verið á árinu 2005. AÞ hefur ráðið Vilborgu Gissurardóttur til þessa verkefnis.

Styrktarsamningar við atvinnulífið

Ákveðið var á árinu 2005 að leita eftir 3ja ára styrktarsamningum við atvinnulífið og voru bréf þá send til valinna fyrirtækja og síðan aftur á árunum 2006 og 2007. Viðbrögð voru jákvæð, einkum fyrsta árið. Árin 2006 og 2007 fækkaði fyrirtækum nokkuð. Nú er þessu 3ja ára samkomulagi lokið. Mikilvægt er að viðhalda og treysta þetta samstarf við atvinnulífið með endurnýjun slíkra samninga.



Vaxtarsamningur undirritaður

Vaxtarsamningur

Á árinu 2007 unnu stjórn og starfsmenn AÞ að því að fá gerðan vaxtarsamning við lðnaðarráðuneytið en slíkir samningar höfðu þá verið gerðir við flest svæði á landsbyggðinni. Þessum viðræðum lauk með undirritun á Vaxtarsamningi Norðausturlands milli AÞ og lðnaðarráðuneytisins 8. Janúar 2008. Jafnframt var ákveðið að AÞ myndi hafa umsjón með rekstri samningsins og stjórn AÞ verði einnig stjórn Vaxtarsamnings Norðausturlands.

Verkefni

Viðfangsefni AÞ eru mörg og fjölbreytileg og ekki er hægt að gera þeim fullkomin skil í stuttri skýrslu. Segja má að félagið hafi í gengið í gegnum umbreytingu á undanförunum misserum og árum með nýjum áherslum í starfi, fjölgun verkefna og fjölgun starfsfólks. Þetta hefur tekið á en er um leið mikilvægt til að gera félagið hæft til að sinna margvíslegum verkefnum á starfssvæðinu. Þörfin er mikil og eftirspurn eftir aðkomu að verkefnum eða ráðgjöf í einhverri mynd er veruleg. Sífellt þarf að forgangsraða því verkefnalistinn er alltaf langur og reyna þarf að sinna sem best því sem mest liggur á. Því miður hefur ekki alltaf verið hægt að skila verkefnum innan „eðlilegs“ tíma þó starfsfólk leggi sig mjög fram um að afgreiða mál sem fyrst og best.

Verkefnabókhald

Haldið hefur verið utan um verkefni í sérstöku verkþókhaldi sem gefur um leið sýn yfir umfang starfseminnar, tímanotkun og áherslur á hverjum tíma. Kerfið sem notað hefur verið hentar hinsvegar illa og hefur verið skipt út. Nú er verkefnabókhaldið orðið hluti af fjárhags- og upplýsingakerfi félagsins sem gefur betri möguleika til að fylgjast með, gera áætlanir og hafa yfirsýn m.a. um virði/framlag til einstakra verkefna eða verkefnaflokka.



Stofnfundur Skjálftafélagsins

Eðli verkefna og umfang

Ákveðið hlutfall viðfangsefna hjá starfsfólki AÞ felst í ýmskonar smáþjónustu sem veitt er ýmist í gegnum síma, viðtölum á skrifstofu eða með heimsóknum til viðkomandi. Ekki er haldið sérstaklega utan um fjölda þessara verkefna enda illmögulegt.

Hluti af starfseminni felst í að fylgjast með, safna gögnum, vinna úr þeim og miðla upplýsingum. Sífellt er unnið að því að bæta „verkfærin“ sem við notum í þessu sambandi. Mikið magn af gögnum og upplýsingum verður til eða fer í gegnum skrifstofu félagsins.

Með aukinni áherslu AP á svæðisbundin verkefni, nýtingu auðlinda í þágu héraðsins, þátttöku í alþjóðasamstarfi, stefnumótun, útgáfu kynningarefnis og aðkomu að markaðssetningu svæðisins, hefur mynd verkefna eðlilega breyst. Meira er um það nú en áður að félagið hafi frumkvæði að álitlegum verkefnum t.d. með því að stuðla að samstarfi, greiningu og nýtingu nýrra tækifæra, og markvissari kynningu. Með þessu er verið að reyna að efla uppgang á viðkomandi svæðum, skapa betri farveg og möguleika fyrir fyrirtæki og þjónustuaðila og auka um leið heildarvirði starfssvæðisins.



Frá opnun Gljúfrastofu

En þessi umbreyting á félaginu, fjölgun verkefna og meiri geta til að sinna ráðgjöf og aðkomu að viðfangsefnum hefur tekið á. Segja má að félagið hafi búið við ákveðna vaxtarverki og árið 2007 líkt og 2005-2006 að því leyti. Félagið er þó án efa á réttri leið.

Í töflunni hér að neðan má sjá samandregnar niðurstöður úr tímaskráningu fyrir 2007.


Verkefni 2007 - skipting í flokka	Hlutfall	Tímar
Þróunarverkefni byggð á alþjóðasamstarfi	20,2%	1.687
Innanhússverkefni; rekstur, orlof, fundir o.fl.	28,1%	2.348
Ýmis verkefni skv. verkþókhaldi	24,2%	2.015
Nýting orkuauðlinda	5,8%	483
Smáverkefni og þjónusta ósundurliðuð	8,6%	715
Kynningar- og markaðsmál	5,7%	475
Samstarfsverkefni með sveitarfélögum	7,4%	618
Samtals:	100,0%	8.340

Til að reyna að setja þetta í eitthvað samhengi þá getum við horft á tíma sem farið hafa í verkefni önnur en það sem hér er flokkað innanhúss (yfirstjórn og rekstur) og margfaldað með 5.000 (sem er viðmiðunareining t.d. í samskiptum við Byggðastofnun). Með því fáum við út hugsanlegt verðmæti á vinnutíma félagsins til margvíslegra verkefna upp á tæpar 30 milljónir á árinu 2007. Þetta er þó aðeins hluti af málinu því umrædd tímaskráning nær yfir starfsfólk og því allt umfang t.d. verktaka.

Verkefni af einhverri stærðargráðu og gerð voru vel á annað hundrað á árinu 2007. Hér ber þó að líta á að sum viðfangsefni taka yfir meira en eitt ár eða vinnast með hléum eða í áföngum. Og eðli þeirra og aðkoma félagsins er með ýmsu móti. Verkefnum hefur greinilega fjölgað þó alltaf sé álitamál hvort og hvernig eigi að skrá hlutina. Hvenær verður verkefni að verkefni eða „smá ráðgjöf“? Þá er rétt að geta þess að stærstu þróunarverkefnin leiða gjarnan af sér að þau verða einskonar „regnhlíf“ fleiri viðfangsefna eða undirverkefna sem kannski var lagt af stað með í upphafi (afleidd áhrif).

Þróunarverkefni byggð á alþjóðasamstarfi

Þátttaka AP í alþjóðlegum verkefnum hefur verið umtalsverður þáttur í starfseminni á undanförunum misserum. Verkefnin Snjótöfrar (Snow Magic) og Strandmenning (Northern Coastal Experience) eru dæmi um mjög góð þróunar- og markaðsverkefni sem keyrð voru innan Norðurslóðaáætlunar ESB (NPP). Bæði þessi verkefni hafa skilað miklum



NORCE matreiðslubók

árangri og vakið athygli. En þau eru fyrst og fremst tækifæri, og þátttakenda að vinna úr þeim tækifærum sem skapast. Þessi verkefni og fleiri hafa leitt af sér önnur tækifæri og eru um leið einn þáttur í að byggja upp félagið og efla. Í þessu kann að finnast þverstæða þar sem annarsstaðar hér í skýrslunni kemur fram að m.a. umrædd verkefni hafi verið félaginu þung í skauti fjárhagslega. Slík verkefni geta vissulega verið nokkuð þung í vöfum og frágangur og uppgjör tekið tíma. Þó bæði þau verkefni sem hér eru nefnd hafi runnið sitt skeið á enda á árinu 2007 kemur endanleg mynd þeirra ekki í ljós fyrr en 2008. Í báðum tilfellum var ákveðið að halda áfram enda mikilvægt að fylgja málum eftir, en áætlun tekur mið af minna umfangi og því að koma tækifærum eða ávinningi út í atvinnulífið.

Sambætt áætlanagerð á norðlægum slóðum er NPP verkefni sem Byggðastofnun og Skipulagsstofnun eru aðilar að og leituðu m.a. til Að um tiltekna aðkomu. Verkefnisheitið er Spatial Planning & Development (Spatial Planning in Northern Peripheral Regions) og fjallar m.a. um skipulagsaðferðir sem beitt er innan Evrópusambandsins til þess að ná fram sameiginlegum viðhorfum, samstöðu og framtíðarsýn. Á árinu 2007 var unnið að sérstöku undirverkefni í þessu sambandi sem fjallaði um aðstæður í Skútustaðahreppi (sem dæmi um sveitarfélag) út frá megintilgangi norræna verkefnisins.




Þingeyska matarbúrið á sýningunni MATUR-Inn

Á árinu 2007 var nokkuð um að leitað var til Að um hugsanlega aðkomu að norrænum samstarfsverkefnum. Þetta er jákvætt þar sem félagið og Norðausturland hafa þar með getið sér einhvers orðstírs meðal þeirra sem um fjalla og eru að leita að góðum samstarfsaðilum. Flestar fyrirspurnir létum við fara en einhverjar voru skoðaðar betur. Í október umsóknarferli NPP var Að inn í tveimur umsóknum sem var síðan báðum hafnað sem var slæmt því báðar verkefnishugmyndir hefðu hentað vel inn í ýmislegt annað sem verið er að fást við hér á svæðinu.

Í gegnum tengslanet Snow Magic verkefnisins var Að boðið að íhuga þátttöku í verkefnishugmynd og umsókn til norræna nýsköpunarsjóðsins. Þessi hugmynd var góð, félagið sló til og sameiginleg umsókn Finnlands, Svíþjóðar, Noregs og Íslands hlaut góðar viðtökur og stuðning sjóðsins. Þar með fór GEBRIS verkefnið af stað í september með upphafsundi hér hjá okkur. GEBRIS stendur fyrir „getting the best out of regional innovation system“ og snýst í fáum orðum um að skoða hvernig er hægt að nýta svæðisbundið nýsköpunarumhverfi sem best. Unnið er með skilgreind undirverkefni og í tilfelli Að var ákveðið að horfa til svæðis austan Jökulsár og vinna að hugmynd um einskonar vegvísi fyrir ferðafólk (Arctic Trail var vinnuheiðið). Hugmyndin á bak við GEBRIS er mjög góð og hægt að sjá fyrir sér að módelið verði yfirfært á fleiri svæði. Með góðri aðkomu 3ja sveitarfélaga var hægt að keyra á 3ja ára áætlun með starfsmanni í 100% stöðu sem var mjög mikilvægt skref.

Eins og áður sagði hafa ýmsar áhugaverðar hugmyndir komið upp í tengslum við þessi norrænu verkefni og ný reynsla og þekking fengist. Þarna geta m.a. falist tækifæri fyrir Að til að „ná til baka“ því sem fjárfest hefur verið í fyrri verkefnum. En þetta gerist ekki af sjálfu sér og jafnframt þarf að hafa skýran tilgang og markmið.



Bláfjall í Mývatnssveit



Horft frá Tjörnesi til Melrakkaslétts

Norðausturland

Í samræmi við stefnu stjórnar frá 2004 var áfram unnið að nokkrum kynningarverkefnum á árinu. Áhersla hefur verið á faglegt og gott kynningar- og upplýsingaefni sem þá undanfara öflugra markaðsstarfs og betra aðgengi að upplýsingum.

Fuglabæklingur um strandsvæðið sem unninn var 2006 var endurprentaður og virtist mjög vinsæll. Upplýsingabæklingur um Norðausturland, á íslensku og ensku, var uppfærður og endurprentaður.

Undirbúningur hófst að vef um Norðausturland ásamt fleiri kynningarverkefnum sem sjá dagsins ljós 2008.

Félagið hefur lagt áherslu á svæðisheitið Norðausturland (Northeast Iceland) og er það orðið meira áberandi en áður í kynningarefni.

Á árinu 2007 stóð yfir undirbúningur að stefnumótun í ferðamálum fyrir Norðausturland sem síðan hófst formlega í ársbyrjun 2008.



Hvatningarverðlaun

Í tengslum við aðalfundinn 2008 verða Hvatningarverðlaun AÞ afhent í sjöunda skipti. Markmiðið með verðlaununum er að hvetja einstaklinga, fyrirtæki og stofnanir til nýsköpunar og til að ná árangri í rekstri.

Rekstur ársins 2007

Umsvif AÞ árið 2007 voru svipuð og árið áður. Rekstrartekjur námu kr. 50,4 millj. Rekstrarhalli ársins nam kr. 6,2 millj. Undanfarin 3 ár hefur AÞ haldið utan um helstu atvinnuþróunarverkefni þannig að hægt hefur verið að sjá hvernig til tekst við fjármögnun þeirra. Er þetta m.a. gert vegna erlendra samstarfsverkefna, en AÞ hefur tekið þátt í tveimur slíkum verkefnum, Snow Magic og Norce, undanfarin 3 ár. Halla ársins má fyrst og fremst rekja til halla á Snow Magic verkefninu, hækkunar vaxta auk þess sem vaxandi verðbólga á árinu hafði í för með sér hækkun annarra rekstrarliða. Þetta hefur eðlilega leitt til þess að eiginfjárstaða félagsins hefur versnað en neikvætt eigið fé félagsins nam í árslok 2007 kr. 8.097.598. Við slíka stöðu verður ekki unað og verður það því eitt af verkefnum nýrrar stjórnar og framkvæmdastjóra, að leggja fyrir eigendur tillögur sem fela í sér viðunandi lausn á þessum vanda félagsins.

Rekstrarreikningur ársins 2007

	Skýr	2007	2006
Rekstrartekjur			
Styrkir frá Byggðastofnun		11.026.664	11.395.003
Samstarfssamningar við sveitarfélög		11.193.000	5.042.000
Kísilgúrsjóður		2.650.000	350.000
Verkefnastyrkir og aðrir styrkir	6	19.318.411	27.685.346
Framlag fyrirtækja		4.843.825	750.000
Seld þjónusta		0	590.940
Aðrar tekjur		1.415.226	36.000
		<u>50.447.126</u>	<u>45.849.289</u>
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld	4	24.790.367	22.200.675
Yfirstjórn og sameiginlegur kostnaður	9	7.449.204	5.432.985
Verkefni	9	17.963.768	18.311.436
Birgðabreytingar verkefnastöðu.....		4.750.000	0
Afskriftir	2	326.787	115.978
		<u>55.280.126</u>	<u>46.061.074</u>
Rekstrartap		(4.833.000)	(211.785)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur		126.882	17.356
Vaxtagjöld		(1.474.106)	(865.037)
		<u>(1.347.224)</u>	<u>(847.681)</u>
Tap af reglulegri starfsemi fyrir skatta		(6.180.224)	(1.059.466)
Tekjuskattur	10	0	0
Tap ársins		<u>(6.180.224)</u>	<u>(1.059.466)</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2007

Eignir	Skýr.	2007	2006
Fastafjármunir			
Áhættufjármunir:			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	2		
Tölvubúnaður		0	326.787
		0	326.787
Fastafjármunir samtals		0	326.787
Veltufjármunir			
Verk í vinnslu	1	312.908	5.062.908
Viðskiptakröfur	7	2.116.514	3.227.943
Aðrar skammtímakröfur		11.768	1.729
Fyrirfram greidd laun		311.856	247.751
Handbært fé		533.000	578.872
		3.286.046	9.119.203
Eignir samtals		<u>3.286.046</u>	<u>9.445.990</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2007

Eigið fé og skuldir	Skýr.	2007	2006
Eigið fé	3		
Hlutfé		5.753.910	5.753.910
Ójafnað tap		(13.851.508)	(7.671.284)
		(8.097.598)	(1.917.374)
Skuldir			
Skammtímaskuldir:			
Skuldir við lánastofnanir		3.812.742	3.270.190
Viðskiptaskuldir	8	3.656.663	5.071.889
Ýmsar skammtímaskuldir		3.914.239	3.021.285
		11.383.644	11.363.364
Skuldir samtals		11.383.644	11.363.364
Eigið fé og skuldir samtals		3.286.046	9.445.990

Í maí 2008,
Björn Ingimarsson
formaður stjórnar

